



Fundargerð nr. 23

Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg fundarsalur
Fundardagur:	Miðvikudagur 26. júní 2024
Fundartími:	8:15-9:45
Fundarmenn:	Haraldur Einarsson, formaður Heimir Rafn Bjarkason Hjalti Guðmundsson Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Að auki sat Börkur Brynjarsson ráðgjafi fundinn

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Framkvæmdir í Flóaskóla

Farið yfir stöðu framkvæmda í Flóaskóla

2. Vatnsveita

Búið að vera þrýstingsvandamál í Merkurhrauni. Leki fannst við Stóru Reyki í síðustu viku og hefur verktaki verið að laga. Oft verið lekavandamál á lögninni á þessum stað og leki tíður. Rætt um hvort fara ætti í fjárfestingu við endurnýjun á þessari lögn þ.e frá nýja stofninum sem lagður var haustið 2023 og upp fyrir Ölvisholt þannig að þessi stofn væri styrktur. Hefur áhrif á nokkuð stórt svæði.

Nefndin kallar eftir betri upplýsingum um stöðu vatnsveitunnar til að taka ákvarðanir um forgangsröðun á fjármagni til fjárfestingar á árinu. Lögð áhersla á að upplýsingar berist fyrir næsta fund nefndarinnar svo hægt sé að nýta heimild til fjárfestingar á árinu.

Alls er gert ráð fyrir 20 milljóna fjárfestingu í vatnsveitunni og er það utan þess fjármagns sem ætlað er í hefðbundið viðhald og rekstur á veitunni sem eru alls 9 milljónir (lagnaefni, önnur vörukaup, viðhaldsþjónusta og ósundurliðuð verkkaup). Við fjárfestingu og rekstur bætast svo við 6 milljónir sem áætlaðar eru í aðkeypta sérfræðiþjónustu. Nýtingingar eru reiknaðar út í hverju tilfelli fyrir sig og greiðir sá sem sækir um tengingu fyrir raunkostnað. Verið er að leggja lokahönd á framkvæmdir í Ruddakróki. Þar er búið að koma brunninum fyrir og mun rafstýrður loki vera í brunninum. Mun hafa áhrif á áframhaldandi styrkingu á kerfinu.

Nefndin óskar eftir upplýsingum um hvernig önnur sveitarfélög eru að halda utanum stöðu á vatnsveitum m.t.t. bilana, forgangsröðun verkefna, hvar hafa helstu viðgerðir verið gerðar o.f.l. Einnig að kannaður sé sá möguleiki að fá þekju inn í kortagrunninn á map.is sem sýnir upplýsingar um vatnsveituna svo sem hvar viðgerðir hafa verið síðustu ár ofl, stærðir á lögnum ofl.

Sveitarstjóri tekur saman upplýsingar úr vinnuskýrslum verktaka í vatnsveitunni frá 2022 ásamt upplýsingum um efniskaup og Börkur vinnur greiningu útfrá þeim gögnum.



Börkur þarf að fara yfir nýju lögnina frá Neistastöðum að Skeiðavegamótum með verktaka. Í kjölfarið sendi sveitarstjóri tölvupóst á verktaka um að verkefninu sé formlega lokið.

3. Breytingar í Þingborg

Komin teikning í vinnslu frá Sigurði U. Sigurðssyni varðandi burðarþol og útfærslur. Búið að hitta aðila sem eru í steinsögun en kostnaðaráætlun frá þeim ekki komin. Gerð verður kostnaðaráætlun varðandi stál og niðurrif/sögun á steypu og kostnaðaráætlun og tillögum skilað af nefndinni til sveitarstjórnar sem tekur svo ákvarðanir um málið.

Rætt um að skoða H bita í loftið til að ná auka cm í hæðina. Börkur mun heyra í Sigurði og kanna möguleikann á því.

4. Önnur mál

Lítið að gerast í Huldu- og Maríuhólum varðandi lagningu á veitum. Börkur mun setja upp minnisblað með verklýsingu varðandi þá framkvæmd með öllum verkliðum þegar að því kemur.

Sveitarstjóri sendir póst á verktaka sem sáu um framkvæmd við Urriðafoss þar sem fram kemur að uppgjöri á framkvæmdinni sé lokið af hálfu sveitarfélagsins þó framkvæmdinni sé ólokið af hálfu verktaka.

Næsti fundur nefndarinnar verður 14. ágúst kl. 8:15 í Þingborg.

Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra